

Nolta ehf vann kostnaðargreiningu á kröfulýsingu Velferðarráðuneytisins á þjónustu hjúkrunarheimila frá 2012 í skýrslu sem lögð var fram í apríl 2016. Í meginniðurstöðum þessarar skýrslu kemur fram að daggjald fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili þarf að vera um 41.000. 3% hækkun á núverandi daggjaldi skilar sér í daggjaldi um 27.000.

Ef miðað er við að heildarútreikningur Nolta á daggjaldi fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili standi óbreyttur að öðru leiti en því að umönnunarkostnaður verði lækkaður í samræmi við daggjaldið í dag þá er ljóst að:

Daggjaldið greiðir aðeins 35% af umönnunarkostnaði þegar miðað er við lágmarksmönnun landlæknis.

Daggjaldið greiðir aðeins 32% af umönnunarkostnaði þegar miðað er við æskilega mönnun landlæknis.

Miðað við þá skilgreiningu að það sé í höndum hvers rekstraraðila fyrir sig að stýra mönnun svo framarlega að gæðaviðmið RAI-mælinga séu uppfyllt og algerlega horft framhjá mönnunarmódeli landlæknis þá er sett upp hér nýr útreikningur á umönnunarklukkustundum starfsstétta sem er 30% lægri en miðað hefur verið við í fyrri útreikningum. 30% er gefin tala og einungis til vísbendingar. Þá verða umönnunarklukkustundir eftirfarandi:

		Umönnunarklukkustundir		
		Æskilegt	Miðgildi	Lágmark
Viðmiðun landlæknis samkv.fyrri útreikningi		5,34	5,00	4,65
Hjúkrunarfræðingar	-30%	1,03	0,81	0,66
Sjúkraliðar	-30%	1,23	0,89	0,66
Félagsliðar	-30%	0,65	0,59	0,54
Hlutfall faglærðra samtals		2,91	2,29	1,86
Starfsfólk í umönnun	-30%	0,83	1,21	1,40
Umönnunarklukkustundir		3,74	3,5	3,26

30% lækkun á umönnun þýðir að æskilegt viðmið landlæknis getur aldrei orðið hærra en 3,74 klukkustundir pr. íbúa og lágmarks viðmið landlæknis verður þá 3,26 klukkustundir pr. íbúa. Við 30% lækkun umönnunarklukkustunda hlýtur að vakna sú spurning hvort gæðaviðmið RAI-mælinga séu uppfyllt, þegar horft er til þess að æskilegt viðmið (3,74) er orðið 20% lægra en lágmarksviðmið landlæknisembættisins er í fyrri útreikningum í skýrslu frá apríl 2016 (4,65).

Miðað við þessar niðurstöður er ljóst að:

Daggjaldið greiðir aðeins 54% af umönnunarkostnaði þegar miðað er við lágmarksmönnun (3,26).

Daggjaldið greiðir aðeins 50% af umönnunarkostnaði þegar miðað er við æskilega mönnun (3,74).

Ofangreindar niðurstöður staðfesta að útilokað er að ná endum saman í rekstri þegar litið er til þess hvað daggjaldið greiðir lítinn hluta umönnunarkostnaðar, auk hættunar sem fylgir varðandi gæða og öryggismörk.

Hvað er til ráða?

RAI-stuðull hefur verið að hækka verulega á hjúkrunarheimilum á undanförunum árum sem er meginþingningin á hækkun rekstrarkostnaðar og spurning hvort ekki er nauðsynlegt að draga úr því með skipulagsbreytingum, þannig að flókin tilfelli sem kalla á mikla hjúkrun og læknisþjónustu, ásamt verulegum lyfjakostnaði verði meðhöndluð á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum. Hjúkrunarheimilin færu þá í auknum mæli að senda frá sér þessi tilfelli. Slíkar breytingar gætu haft í för með sér endurskoðun á mönnun hjúkrunarheimila, þannig að hlutall starfsstétta gæti lækkað hjá dýrari starfsstéttum en hækkað hjá þeim ódýrari.